

REGLUGERÐ

117

15. sept.

um breyting á reglugerð nr. 14 frá 28. jan. 1953, um breytingu á reglugerð nr. 34 frá 26. febr. 1952, um íslenzkar getraunir.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Fái einn eða fleiri þátttakendur 12 rétt úrslit á seðli, skal hann eða þeir, auk vinningshluta síns, fá aukavinning úr áðurnefndum sjóði. Aukavinningur þessi skal vera það sem er í sjóðnum hverju sinni, þó aldrei yfir kr. 5000.00 alls.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 84/1940, um tekjuöflun til íþróttasjóðs, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. september 1955.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

118

24. sept.

um fasteignaskatt í Miðneshreppi.

1. gr.

Til sveitarsjóðs Miðneshrepps skal greiða fasteignaskatt skv. lögum nr. 67 frá 12. apríl 1945 og lögum nr. 29 frá 4. febrúar 1952 af fasteignum í Miðneshreppi, eftir þeim reglum sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum, lóðum til atvinnureksturs og þeim lóðum og lendum innan takmarka Sandgerðiskauptúns, sem eru stærri en sem nemur einni byggingarlóð, skv. skipulagsuppdrætti 9%.
2. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum, byggingum til atvinnureksturs og öðrum hliðstæðum mannvirkjum 4%.
3. Af jörðum 1½%.
4. Af húseignum, sem einungis eru notaðar til íbúðar og lóðum, sem þær standa á, greiðist enginn skattur.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppt, og nái fasteignamatsvirðing ekki kr. 100.00, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir, eða um önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.